

Föstudaginn 15. jan. 1932.

Réttvísinn (Garðar Þorsteinsson)

gegn

Ólafi Óskari Jónssyni og Páli Kristinsyni. (Guðmundur Ólafsson) (Lárus Fjeldsted).

Nauðgunarmál.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 11. júní 1931: Ákærður Ólafur Óskar Jónsson, sæti betrunarhúsvinnu í 2 ár. Ákærður, Páll Kristinsson, sæti betrunarhúsvinnu í 8 mánuði. Ákærðir greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, en hvor um sig kostnaðinn við gæzluvarðhald sitt. Svo greiði ákærður, Ólafur, verjanda sínum, Guðmundi Ólafssyni, 35 krónur, en ákærður, Páll, greiði verjanda sínum Lárusi Fjeldsted, 35 krónur.

Dómur hæstaréttar.

Afbrot ákærða, Páls Kristinssonar, ber að heimfæra undir 172., sbr. 48. gr. hinna almennu hegningarlaga og þykir refsins hans hæfilega ákveðin betrunarhúsvinna í 14 mánuði. Að öðru leyti ber samkvæmt ástæðum hins áfrýjaða dóms að staðfesta hann.

Ákærðir greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda í hæstarétti, 120 kr., en málflutningslaun verjanda í hæstarétti, 80 kr. til hvors, greiði ákærðir hvor fyrir sig.

Þ v i d æ m i s t r é t t v e r a :

Ákærði, Páll Kristinsson, sæti betrunarhúsvinnu í 14 mánuði. Að öðru leyti skal hinum áfrýjaða dómi óraskað. Ákærðir, Ólafur Óskar Jónsson og Páll Kristinsson, greiði in solidum

allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda í hæstarétti, Garðars Þorsteinssonar málflutningsmanns, 120 krónur. Málflutningslaun skipaðra verjenda í hæstarétti, málflutningsmannanna Guðmundar Ólafssonar og Lárusar Fjeldsted, 80 kr. til hvors, greiði ákærðir hvor fyrir sig.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af réttvisinnar hálfu höfðað gegn Ólafi Óskari Jónssyni, bifreiðarstjóra, Laufásveg 43, fyrir brot gegn ákvæðum 16. kapitula hinna alm. hegningarlaga frá 25. júní 1869 og lögum nr. 51 frá 1928 og lögum nr. 6 frá 1924, og gegn Páli Kristinssyni fyrir brot gegn ákvæðum 16. og 20. kapitula hinna almennu hegningarlaga frá 15. júní 1869 og lögum nr. 51 frá 1928.

Málavextir eru þeir, sem hér segir, sannaðir með eigin játningu ákærðra, sem kemur heim við það, sem á annan hátt er upplýst í málinu.

Fimmtudaginn 16. apríl ók ákærður, Ólafur Óskar Jónsson, bifreið sinni suður í Skerjafjörð, og voru í bifreiðinni með ákærða Páll Kristinsson og annar maður til. Var förinni heitið að Bergi við Skerjafjörð, til þess að sækja móður Páls. Er þeir voru komnir þar að, sem vegurinn að Reynistað liggur að aðalveginum, þá hittu þeir þar á veginum stúlku að nafni Emiliu Hjálmarsdóttur, er var vinnustúlka á Helgastöðum við Skerjafjörð. Ákærður, Ólafur, hafði lengi haft hug á því að komast yfir stúlku þessa, en þekkti hana lítið, en hinsvegar hafði meðákærður, Páll, fyrir löngu boðið honum að hann skyldi ná í Emiliu fyrir hann til þess að hann gæti haft samræði við hana, og voru þeir tvisvar búnir að fara suður eftir í því skyni að ná henni með sér í bæinn, en það tókst ekki.

Þegar ákærðir hittu nú Emiliu þarna á veginum, þá notaði ákærður Páll þegar tækifærið til þess að efna loforð sin við Ólaf. Hann bauð Emiliu upp í bilinn til þeirra, og þáði hún það. Sóttu þeir síðan móður Páls, en óku síðan til bæjarins. Var ekið með móður Páls upp á Hverfisgötu, síðan keyrðu þeir til verzlunar Marteins Einarssonar, þar fór Emilia inn og keypti eitthvað smávegis og biðu ákærðir í bilnum á meðan. Var síðan ekið niður í bæinn aftur. Sagði Páll þá, að hann þyrfti að skreppa sem snöggvast vestur á Öldugötu 32, en þar höfðu bræður hans herbergi á leigu, en hann bjóst við að þeir mundu ekki vera heima. Bað þá Emilia um, að sér yrði sleppt við verzlunina Edinborg, því að þangað ætlaði hún inn, en Páll kvaðst verða mjög fljótur og varð það úr að Emilia fór með þeim vestur eftir. Er þangað kom fóru þau ákærðir og Emilia úr bilnum og upp á loft í húsinu á Öldugötu 32 og inn í herbergi bræðra Páls. Á leiðinni upp á loftið hvislaði Páll að Ólafi, að nú væri tækifæri fyrir hann að ná Emiliu á sitt vald, og mætti hann nota herbergið þarna, því að strákarnir, sem þar byggju, væru ekki heima. Bað Ólafur Pál þá um að lána sér getnaðarverju, og fór Páll fyrst inn í herbergið með Emiliu, en Ólafur dvaldist í ganginum á meðan, en Páll kom að vörmu spori aftur og afhenti Ólafi verjuna. Er Ólafur og Páll voru aftur komnir inn í herbergið, þá kvaðst Páll þurfa að bregða sér snöggvast brott. Vildi Emilia þá fara út líka, en Páll afstýrði því, kvaðst hann koma strax aftur og ýtti Emiliu með hægð inn fyrir, um leið og hann fór út og lokaði hurðinni, en þá aflæsti Ólafur og stakk lykkinum í vasa sinn.

Eftir þetta talaði Ólafur nokkur orð í bróðerni við Emiliu en áður en langt leið hljóp hann á hana og reyndi til að kyssa hana, og tók allfast um hana og ætlaði að leggja hana upp á legubekkin, en Emilia stympaðist á móti. En að lokum tókst Ólafi að leggja Emiliu á legubekkin, og reyndi með valdi að leysa niður um hana buxurnar, en hún brauzt á móti. Ólafur bað hana að vera ekki að draga sig á þessu, eða sýna sér mótþróa, kvaðst mundu rista niður um hana buxurnar, ef hún væri ekki auðsveip. Stúlkan fór þá að gráta, og hljóðaði upp, en Ól-

afur hótaði að halda fyrir munninn á henni ef hún hætti þessu ekki. Kvað hana ekki þýða að arga, því að enginn væri í húsinu. Eftir nokkrar stypingar tókst honum síðan að slita niður um Emiliu aðra buxnaskálmína, komst með hnéð á milli fóta hennar og hafði við hana fullkomnið samræði á legubekknunum. Grét Emilia á meðan og var mjög æst. Getnaðarverjuna kveðst Ólafur hafa sett á sig meðan þau áttu í stypingunum. Kveður Ólafur verjuna hafa rifnað við samræðið, og þurkaði hann legubekkin með óhreinu handklæði á eftir. Strax eftir samræðið hleypti Ólafur Emiliu út, bað hann hana þá að kæra sig ekki, en hún skeytti því engu heldur hljóp brott. Sagði hún svo frá þessu heima hjá sér daginn eftir.

Ákærður, Ólafur, hefir haldið því fram, að hann hafi fundið til sviða í getnaðarlimnum tveim dögum eftir að hann var með Emiliu. Fór hann þá til læknis, og kom í ljós, að hann var með lekanda, kveðst hann hafa haldið að hann hefði smitast af Emiliu. Var Emilia þegar rannsókuð, að tilhlutun lögreglunnar, og kom þá í ljós, að hún hafði engan kynferðissjúkdóm. Er það því víst, að Ólafur hefir verið með kynferðissjúkdóminn er hann tók Emiliu nauðuga. Enda hefir hann viðurkennt fyrir réttinum, að hafa fengið lekanda fyrripart síðastliðins vetrar, en kveðst hann hafa haldið, að hann hefði orðið albata af þeim sjúkdómi fyrir jól. Hann hefir ákveðið neitað því, að hann hafi vitað, að hann var með lekanda, er samræðið átti sér stað. Læknir hefir ekki getað sagt ákveðið hve lengi hann hafi gengið með sjúkdóminn.

Emilia hefir staðfastlega haldið því fram, að hún hafi veitt alla þá mótspyrnu, sem hún gat. Hún kveðst ekki hafa kallað á hjálp yegna þess, að hún áleit, að það þýddi ekkert, þar sem Ólafur sagði henni, að ekkert fólk væri í húsinu.

Ákærður, Ólafur, hefir haldið því fram, sér til málsbóta, að hann hafi gengið svo hart að Emiliu, og tekið hana með valdi vegna þess, að hann áleit að mótstaða hennar væri látalæti, því að meðákærður, Páll, hafði sagt honum, að hann hefði verið með henni, og tilnefndi honum einnig tvo skipverja á Dettifossi, sem líka hefðu verið með henni, en ákærður, Ólafur, vissi, að Emilia hafði stundum farið um borð í Dettifoss.

Við réttarrannsóknina hefir ákærður, Páll, játað, að hafa skrökvað þessu upp, hann hafði aldrei sjálfur haft samfarir við Emiliu og ekki heldur vitað til þess, að aðrir hefðu haft það. Skipverjar þessir hafa og verið leiddir fyrir rétt, þeir könnuðust við Emiliu, en kváðust aldrei hafa haft samfarir við hana og ekki vita til þess, að hún sé lauslát. Einnig hefir hún fengið gott orð hjá húsbónda sínum.

Hinsvegar hefir læknir látið í ljósi það álit sitt, að samræði það, er hún átti með Ólafi, geti ekki verið fyrsta samræði. Hefir hún og hreinskilnislega játað, að hún hafi tvisvar sinnum áður átt samræði við karlmann, sama manninn í bæði skiptin.

Ákærðir hafa báðir haldið því fram, að ákærður, Páll, hafi ekki átt að fá neitt fyrir það að ná í Emiliu fyrir Ólaf. Ákærður, Páll, kveðst hafa látið ákærðan, Ólaf, fá herbergið á Öldugötu 32 til þess að hann hefði þar samræði við Emiliu, en hann kveðst enga borgun hafa fengið, eða átt að fá fyrir það. Hann kveðst og ekki hafa búizt við, að ákærður, Ólafur, mundi nauðga Emiliu. Hann kveðst stundum hafa fengið að keyra bil ákærða, Ólafs, en það hafi alls ekki átt að skiljast, sem borgun fyrir það, að hann útvegaði honum Emiliu.

Ákærðir eru báðir komnir yfir lögaldur sakamanna, Ólafur fæddur 25. júlí 1908, en Páll fæddur 20. nóvember 1912 (sic), þeim hefir hvorugum verið refsað áður.

Afbrot ákærðs, Ólafs Ó. Jónssonar, ber að áliti dómars, að heimfæra undir 169 grein 2. mgr. hegningarlagna. Að vísu er þó langt frá því, að óorð sé á Emiliu, en ákærður hafði fyrir sér vitnisburð meðákærðs, Páls, og eftir þeim vitnisburði hafði hann persónulega ástæðu til að ætla, að óorð væri á Emiliu og mótstaða hennar ekki eins alvarlega meint og raun var á. Hinsvegar verður ekki gegn eindreginni neitun ákærða talið sannað, að hann hafi vitað eða haft grun um, að hann væri með smitandi kynsjúkdóm og verður því að sýkna hann af ákæru réttvisinnar fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 6, 1924. Refsing sú, sem ákærður hefir unnið til, virðist samkvæmt þessu hæfilega ákveðin betrunarhúsvinna í 2 ár.

Framkoma ákærða, Páls Kristinssonar, á máli þessu hefir öll verið stórlega vítaverð. En afbrot hans verða

ekki heimfærð undir 183. grein hinna alm. hegningarlaga, með því að eigi verður talið sannað, að hann hafi tekið borgun fyrir að koma ákærða Ólafi og Emiliu saman. En afbrot hans heyrir að álit dómars undir 213. grein almennra hegningarlaga og þykir refsing sú, sem hann hefir tilunnið hæfilega kveðin 8 mánaða betrunarhúsvinna.

Ákærðir greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, en hvor um sig kostnaðinn við gæzluvarðhald sitt. Einnig greiði ákærður, Ólafur, verjanda sínum, Guðmundi Ólafssyni, 35 krónur, og ákærður, Páll Kristinsson, verjanda sínum, Lárusi Fjeldsted, 35 krónur.

Á máli þessu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

Mánudaginn 18. jan. 1932.

Nr. 98/1931. **Réttvísinn** (Eggert Claessen)

gegen

**Guðmundi Sæmundssyni og Ara Lín-
dal Jóhannessyni** (Sveinbjörn Jónsson).

Rangur framburður fyrir rétti.

Dómur aukaréttar Ísafjarðar 20. júlí 1931: Ákærðir, Guðmundur Sæmundsson og Ari Lín-
dal Jóhannesson, sæti 8 daga einföldu fangelsi hvor. En fullnustu refsing-
arinnar skal frestað og hún niður falla eftir 5 ár frá upp-
sögn dóms þessa, ef skilorð laga nr. 39, 16. nóv. 1907 eru
haldin.

Svo greiði og ákærðir in solidum allan af málinu lög-
lega leiðandi kostnað, þar með talið varnarlaun hins
skipaða talsmanns þeirra, cand. jur. Óskar Borg, 35 kr.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Afbrot ákærðu ber að heimfæra undir 147. gr.,
2. mgr. hinna almennu hegningarlaga og þykir
refsing þeirra hvors um sig hæfilega ákveðin 30